

Viðmið vegna lágmarksmönnunar á Heilsuleikskólanum Álfasteini

Markmið með viðmiðunum er að tryggja öryggi og námsaðstæður barna og starfsumhverfi starfsmanna. Ef upp koma þær aðstæður í leikskólanum að fjarvera starfsmanna er það mikil að stjórnendur telja öryggi barna ekki tryggt og ábyrgð starfsmanna of mikil þarf að senda ákveðinn fjölda barna heim.

Fjöldi barna sem sendur er heim ræðst af fjölda þeirra starfsmanna sem eru fjarverandi og aldri barnanna. Viðmið um fjölda barna á hvern starfsmann eru:

- 1 árs – 4 börn.
- 2 ára – 5 börn.
- 3 ára – 6 börn.
- 4 ára – 8 börn.
- 5 ára – 10 börn.

Á ákveðnum tímum geta fjarvistir starfsmanna orðið verulegar og geta ástæður fjarverunnar verið, til dæmis vegna:

- Veikinda starfsmanna.
- Veikinda fjölskyldumeðlima.
- Vegna lokunar leik- og grunnskóla vegna faraldurs.

Hringt verður í þá foreldra sem þurfa að sækja börn sín. Skólastjóri og/eða staðgenglar sjá um að hafa samband.

Um neyðarráðstöfun er að ræða og ef til þessa kemur er sveitarstjóri hafður með í ráðum.